MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

27. október 2026

Tillaga um áramótabrennu í Kópavogi

Bæjarráð samþykkir að fela umhverfissviði að finna stað fyrir áramótabrennu í Kópavogi og leggja tillögu að staðsetningu fyrir menningar- og mannlífsnefnd á fundi nefndarinnar 25. nóvember 2026. Nefndin vinni málið áfram og stefnt verði að því að fyrsta brennan verði haldin á gamlárskvöld 2026.

Í tillögu umhverfissviðs komi fram:

1. Hvaða staðir koma til greina og hvernig þeir standast kröfur um fjarlægð frá íbúðabyggð, aðkomu og öryggi.
2. Hvaða leyfi þarf og hvernig þeirra verður aflað fyrir gamlárskvöld.
3. Áætlaður kostnaður.

Greinargerð

Næststærsta sveitarfélag landsins á að geta haldið sína eigin áramótabrennu. Íbúar hafa sýnt áhuga sinn í verki með eigin brennum og blysförum.

Áramótabrenna samræmist menningarstefnu Kópavogsbæjar, sem segir tilgang menningarstarfs bæjarins vera „að auka lífsgæði Kópavogsbúa á öllum aldri“. Stefnan er á dagskrá nefndarinnar sama dag, 25. nóvember. Þar getur nefndin sýnt í verki að stefnunni sé fylgt.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026